

REGLUR

um takmörkun á fjölda þeirra sem hefja nám í hjúkrunarfræði við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri, á vormisseri 2002.

Fjöldatakmörkun á 1. ári í hjúkrunarfræði við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri verður beitt ef fjöldi innritaðra nemenda er 42 eða fleiri á haustmisseri árið 2001. Fjöldi þeirra nemenda sem öðlast rétt til náms á vormisseri 1. námsárs í hjúkrunarfræði við heilbrigðisdeild miðast við grunntöluna 32 nemendur.

Þannig samþykkt af háskólaráði þann 5. mars 2001.

Háskólanum á Akureyri, 5. mars 2001.

Þorsteinn Gunnarsson rektor.

Jóhann Örlygsson
ritari háskólaráðs.

Nr. 292

22. mars 2001

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 319/1984 um þjóðgarðinn í Skaftafelli.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Náttúruvernd ríkisins til ráðgjafar starfar sérstök ráðgjafarnefnd skipuð af ráðherra til 4 ára í senn. Í nefndinni eiga sæti forstjóri Náttúruverndar ríkisins sem er formaður, einn fulltrúi tilnefndur af Hornafirði og einn tilnefndur af ferðamálasamtökum í viðkomandi landshluta. Þjóðgarðsvörður situr fundi nefndarinnar og hefur málfrelsi og tillögurétt. Nefndin skal halda fundi eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett í samræmi við ákvæði 52. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 22. mars 2001.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 293

28. mars 2001

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Bjargslandi (Súluklettur 1 og 2), Borgarnesi.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreinda breytingu á skipulagi sem felst í því að íbúðahúsalóðir við Súluklett 1 og 2 breytast úr einbýlishúsalóðum í tvíbýlishúsalóðir.